



Guðni Franzson klarínuleikari og Brjánn Ingason fagottleikari eru meðal flytjenda á tónleikumum, þar sem meðal annars verður leikið verk eftir Lárus H. Grímsson.

NÝLISTASAFN:

CAPUT-TÓNLEIKAR

CAPUT-hópurinn og UNM (Ung Nordisk Musik) standa fyrir tónleikum í Nýlistasafninu við Vatnsstíg 3b, næstkomandi þriðjudag, 5. nóvember. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og á efnisskránni eru einleiksverk, ýmist með segulbandi eða án. Þeir höfundar sem eiga verk á tónleikunum eru: Lárus H. Grímsson, Bára Grímsdóttir, Helgi Pétursson, Ríkharður H. Friðriksson, Elín Gunnlaugsdóttir, Aarne Mellnäs og Brian Ferneyhough.

Á tónleikunum verður bryddað upp á ýmsum nýjungum og ýmsar tilraunir gerðar, því fæst þessara verka hafa heyrst hérlendis fyrr. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni CAPUT og Íslandsdeildar UNM en samtökin senda nú hóp tónskálda og flytjenda á árlega tónlistarhátíð norrænna ungmenna sem að þessu sinni er haldin í Kaupmannahöfn dagana 10. til 17. nóvember. Hátíðin er mjög mikilvægur liður í samstarfi ungmenna sem stunda nýsköpun í tónlist.

Flytjendur á tónleikunum verða þau Bryndís Halla Gylfadóttir, Brjánn Ingason, Guðni Franzson og Kolbeinn Bjarnason.

Fimm íslensk verk verða flutt í Nýlistasafninu á þriðjudagskvöldið, þar af verða þrjú frumflutt, það er verk þeirra Bára, Helga og Ríkharðar, verk Lárusar er nú flutt í fyrsta sinn hér á landi, en verk Elínar hefur aðeins verið flutt á skólátónleikum.

„Back to the beginning again“, fyrir fagott og segulband, eftir Lárus Grímsson, var flutt í Amsterdam árið 1984, en það var samið við Sonologisku stofnunina

í Utrecht. Heimasmíðaður tóngjafi, „Vosim“, fremur hljóðin á segulbandinu. Það er Brjánn Ingason, sem flytur verkið.

Einleiksverk fyrir flautu eftir Bára Grímsdóttur var skrifað í fyrravetur hjá Luis Andriesen í Hollandi, en Bára er í námi hjá honum. Flytjandi flautuverksins er Kolbeinn Bjarnason.

„Maximum Fidus“, eftir Helga Pétursson, er tölvutónsmíð. Helgi er kirkjuorganisti á Húsavík. Verk hans hafa vakið mjög mikla athygli í flutningi og Maximum Fidus verður líklega engin undantekning þar á. Verkið verður flutt af segulbandi. „Andar“, eftir Ríkharð H. Friðriksson er fyrir klarínettu og segulband. Verkið var samið fyrir á þessu ári og er tölvutónsmíð. Klarínettan leikur við undirleik tölvu, tíu kafla sem hver grundvallast á takmörkuðu tónaefni og ákveðnu hljómfalli. Flytjandi er Guðni Franzson.

„Monolog“ fyrir selló, eftir Elínu Gunnlaugsdóttur, er samið fyrir selló. Elín er nemandi við tónfræðideild Tónlistarskólans í Reykjavík og er þetta í fyrsta sinn sem verk

eftir hana er flutt opinberlega. Á tónleikunum verða tvö erlend verk flutt: „Riflessioni“, eftir Arne Mellnäs og „Mnemosyne“ eftir Brian Ferneyhough. „Riflessioni“, er fyrir klarínettu og segulband. Verkið er samið árið 1981, byggir kvarttónum. „Ég hef verið að æfa þetta verk síðan 1986“, segir Guðni Franzson sem flytur verkið, „Ég þurfti að æfa kvarttónaskala á hljóðfærið upp og niður, sem er mjög flókið og ég þurfti að æfa þá tækni alveg frá grunni.

„Mnemosyne“, er stórvirki fyrir bassafletu og segulband. Ferneyhough hefur verið kallaður forspraki nýflækjustílsins (neo-complexity). Ýmis íslensk tónskálda hafa verið við nám hjá Ferneyhough, og hafa lært þetta verk.

„Það sem er skemmtilegt við þessa tónleika“, segir Guðni, „er að við ætlum að halda þá á myndlistarsýningu Halldórs Asgeirssonar í Nýlistasafninu, „vefa saman tóna og tré. Þegar við vorum að leita að húsi, fannst okkur Nýlistasafnið best fallið til þess að flytja þessi verk.“ „Tilgangurinn með tónleikunum“, segja Lárus og Brjánn, „er að leyfa fólki að heyrja hvað ungu tónskáldin eru að gera. Lárusar verk var flutt á UNM-hátíðinni síðast, og hin fjögur eiga öll verk á þeirri hátíð sem fram fer í Kaupmannahöfn núna í nóvember. Tónleikarnir eru ekki síst haldnir til að vekja athygli á þeirri hátíð.“

SSV

Kjarvalsstaðir:

LJÓÐ OG KRINGLA

Á Kjarvalsstöðum hefur verið bryddað upp á þeirri nýjung að halda sýningar á ljóðum. Sýningar þessar hefjast í dag, klukkan 17.00, með því að ljóð eftir Jón úr Vör verða til sýnis í austurfor-sal safnsins. Að sögn Gunnars Kvaran, forstöðumanns Kjarvalsstaða, verða ljóðin sett og stækkuð upp og sýnd á myndskreytinga. „Það er orðið sem verður látið sitja í fyrirrúmi á þessum sýningum“, sagði hann, og er sýning Jóns sú fyrsta í röð sjö ljóðasýninga sem verða í vetur.

Hugmyndin með þessu er að beina sérstakri athygli að ljóðlistinni, samtímis því sem ljóðskáldin fá tækifæri til að vinna með ljóðin í nýju samhengi. Þau fara út af blaðsíðunni og upp á veggflötinn og nálgast þannig heim myndlistarinnar. Það er vitað að mörg ung ljóðskáld, og jafnvel eldri, hafi átt í erfiðleikum með að fá ljóð sín birt hjá hinum hefðbundnu, viðurkenndu forlögum. Þetta er ný leið til að kynna ljóðlist, og þá sérstaklega þá tilrauna-starfsemi sem vissulega er að gerjast meðal ljóðskálda almennt, en hefur ekki haft neinn öruggan vettvang á síðastliðnum árum.

Ætlunin er að sýningarnar standi í þrjár helgar, eða rúmlega hálfan mánuð, jafnframt því sem verður kynning á viðkomandi skáldi og ljóðum þess í „Leslampanum“ á Rás 1, en þetta er samvinnuverkefni milli Kjarvalsstaða og Rásar 1.

Til hvaða hóps ætlið þið að ná?


„Við höfðum auðvitað til hinna hefðbundnu ljóðaunnda, en samtímis er listasafn eins og Kjarvalsstaðir staður þar sem margir koma og kynnast þarna óvænt ljóðinu í þessu nýja formi.“

Er eitthvað fleira nýtt á döfinni hjá ykkur?

„Já, núna um helgina verða opnaðar tvær nýjar sýningar hér í sitt hvorum sal Kjarvalsstaða. Þetta eru gerólfkar sýningar, annars vegar Gunnar Örn, málari, og hins vegar Ívar Valgarðsson, myndhöggvari, en það sem er kannski mest spennandi við verkefnið er það, að á sama hátt og við látum ljóðið brjótast út úr bókinni, þá

ætlum við að láta myndlistina brjótast út úr safninu og sýna verk Ásmundar og Kjarvals á sérstakri sýningu í Kringlunni, sem lið í kynningu á starfsemi listasafna á vegum borgarinnar. Þar verða sýnd verk eftir Kjarval og Ásmund, jafnframt því sem starfsmenn safnsins munu dreif bæklingum og kynna starfsemi safnsins.

Ennfremur hefur verið rætt um það við forstöðumenn Kringlunnar, að þegar settar verði upp stærri sýningar á Kjarvalsstöðum, þá verði sett upp minni verk í Kringlunni, eftir viðkomandi listamann,



Gunnar Kvaran

sem vísi til sýningarinnar, samtímis því sem þau séu sjálfstæð listasverk.“

Hvar sýnið þið í Kringlunni?

„Að þessu sinni verður sýningin staðsett inn af torginu Hagkaupmegin, við gosbrunninn. Síðan getum við fært sýningarnar til, jafnvel upp á aðrar hæðir hússins.“

Hver er tilgangurinn með þessu öllu?

„Tilgangurinn er auðvitað fyrst og fremst að vekja athygli á listasöfnum borgarinnar og beina fólki að menningarneyslu.“

SSV

ENGIN RÓMANTÍK

Tilfinningar afvegaleiða áhorfandann

Ívar Valgarðsson opnar sýningu í vestursal í boði Kjarvalsstaða í dag. Ívar sýnir þrjú verk, innsetningar svokallaðar, úr byggingarefni, „uppbyggileg efni sem móta allt okkar mannlega umhverfi“.


Þessi sýning er niðurstaðan af allri minni skoðun og reynslu eins og öll mín verk“, segir Ívar. Hann bætir því við að hann hafi alltaf tekið formræna afstöðu til veruleikans. „Ég hafna hefðbundnum aðferðum myndlistarinnar, að mála á striga, höggva í marmara eða steypa í gips. Þessar aðferðir eru bindandi og hafa ekki þýðingu lengur.“

Efniviður Ívars er byggingarefni, tré, steypa, málningarefni o.þ.h. og hann segist í verkum sínum sameina inntak og efni. „Ég vil að efnivið hafi merkingu sem efni og höfði einvörðungu til eigin veruleika. Ég legg mikið upp úr „konstruktívu“ eðli listaverksins og vil ekki búa til neina rómantík í kringum það. Né heldur líkingamál. Ég reyni að úti-

loka nærværu listamannsins í verkum mínum.“

Þetta mætti líklega nefna hlutlæga afstöðu til listsköpunar og ég spyr Ívar hvort ekki sé erfitt að útiloka nærveruna algjörlega. „Persónulegar tilfinningar listamannsins skipta engu máli í listaverkum. Þær höfða bara til persónulegs volæðis einstaklingsins og það kemur engum við. Tilfinningar eru ekkert til að byggja á, þær eru aldrei marktækar og ekkert til að byggja á.“

Ívar segir að þetta sé sú niðurstaða sem hann aðhyllist nú og sé inntak sýningarinnar. „Ég tek hlutskipti mitt alvarlega. Listamaðurinn er ekkert merkilegri en hver annar, tilfinningar hans eru ekkert merkilegri en annars fólks en hann er



Morgunblaðið/Einar Falur

jafn ábyrgur, ef ekki ábyrgari en aðrir, í ljósi þess frelsis sem hann gefur sér. Ég get auðvitað ekki hindrað að áhorfandinn að verkum

mínum taki tilfinningalega afstöðu til þeirra en ég er ekki að reyna að ná tilfinningalegu sambandi við hann.“

Personulegar tilfinningar listamannsins skipta ekki máli, segir Ívar Valgarðsson myndlistarmaður sem sýnir á Kjarvalsstöðum.

- Hvað felst í því þegar þú segist taka hlutverk þitt sem listamaður alvarlega?

„Ég tek ríka siðferðilega afstöðu sem myndlistarmaður með því hvernig ég nálgast viðfangsefni mitt. Þessi afstaða vil ég að skili sér til áhorfandans. Listin snýst alltaf um list og allt annað snýst alltaf um allt annað, svo ég vitni í Ad Reinhardt. Sem ábyrgt viðhorf er hún siðferðileg viðmiðun.“

Verk Ívars bera það með sér að hugmyndavinnan sé mikilvægust. „Já og ég vinn nánast eins og rithöfundur. Við skrifborð. Vinnu við handverk læt ég fagnömmum eftir. Þeir kunna það betur en ég. Ég gaf mér góðan tíma fyrir þessa sýningu því það eru tæp tvö ár síðan ég fékk boð um að sýna hér. Ég vil líka gera mér góða grein fyrir húsnaðinu sem ég sýni í og verkin eru unnin með þessari salarkynni í huga. Þessi sýning er vissulega þess eðlis að ekki er um söluverk að ræða. Efnivið í verkin eru fengin að láni og verður skilað aftur þegar sýningunni lýkur. Þetta eru innsetningar (installations) sem hafa þjónað sínum tilgangi þegar sýningunni er lokið.“

HS